

STJÓRN STRÆTÓ BS.

225. fundur. Fimmtudaginn 10. september 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Áætlun 2016
2. Strætó í forgang
3. Skólaakstur fatlaðra barna
4. Erindi til Strætó

Tekið fyrir:

1. Áætlun 2016

Umræður um fjárhagsáætlun 2016, sem byggir á þeim megin forsendum sem samþykktar voru á fundi stjórnar 28. ágúst sl.

2. Strætó í forgangi

Fyrir fundinum lá minnisblað Strætó í forgangi dagsett 30. júní 2015, þar sem farið er yfir þörf á forgangsakreinum á höfuðborgarsvæðinu.

Þar sem forgangsakreinar og forgangsljós vinna saman í því að stytta aksturstímamann má áætla að hægt sé að lækka kostnað við leiðakerfið töluvert. Áætlanir benda til þess að hver mínúta sem sparast í akstri á þennan hátt á þeim leiðum sem eru á 15 mínútna tíðni á annatíma geti sparað allt að 150.000 – 200.000 kr. á mánuði en á þeim leiðum sem eru á 15 mínútna tíðni allan daginn (leiðir 1 og 6) sparist allt að 200.000 – 250.000 kr. á mánuði. Fyrir utan þá fjármuni sem myndu sparast þá myndi meiri forgangur styrkja samkeppnishæfni strætó sem ferðamáta þar sem það gæfi honum forgang yfir aðra vélknúna umferð og myndi greiða honum leið á mestu álagstímunum þegar umferðartafir eru hvað mestar. Það myndi síðan að öllum líkindum skila sér í auknum farþegafjölda.

3. Skólaakstur fatlaðra barna

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri Akstursþjónustu og Júlía Þorvaldsdóttir, sviðsstjóri Farþegaþjónustusviðs fóru yfir þjónustuna við fötluð skólabörn. Skóla akstur fatlaðra barna varð hluti af Akstursþjónustunni í júní 2015.

4. Annað

Fyrir fundinum lá minnisblað dagsett 9. september þar sem farið er fram á heimild til að ganga frá samningi um áhættuvarnir vegna innkaupa á olíu. Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra og fjármálastjóra heimild til að ganga frá samningi um olíuvarnir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10.

Fylgiskjöl:

- Minnisblað, Olíuvarnir, dagsett 9. september 2015
- Minnisblað, Strætó í forgangi, dagsett 30. júní 2015

Bryndís Haraldsdóttir
Theódóra S. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson